

Nálgun gagnvart fólki með þroskahömlun

Gerður A. Árnadóttir heimilislæknir

Febrúar 2020

Heilbrigðiskerfið

- Mis vel að sér um þarfir og aðstæður fatlaðs fólks
 - Ótti við hið óþekkta - óöryggi
 - Erfiðleikar varðandi nálgun og meðferð
 - Lítil umgengni við fatlað fólk
 - Lítil þekking á aðstæðum / sjálfsbjörg
 - Búseta – stofnanahugsun
 - Fólk með þroskahömlun fær oft á tíðum verri þjónustu en annað fólk
 - Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks, ákvæði til úrbóta

Nálgun

- Saga
 - Skert tjáningarfærni – óhefðbundin tjáning
 - Hegðun, atferli, líðan, svipbrigði
 - Breytingar á getu / atferli
 - Einstaklingurinn fái tækifæri til að tjá sig
 - Mikilvægi starfsfólks og ættingja
 - Þekking á einstaklingnum sem í hlut á
 - Sjúkrasaga, heilsufarssaga, ættarsaga
 - Fötlun – fylgisjúkdómar / fatlanir
 - Umhverfi – búseta, atvinna, sambýlisfólk

Nálgun

- Skoðun
 - Samvinna ?
 - Skynjunarvandi s.s. snertifælni ?
 - Atferlisvandi ?
 - Fyrri reynsla – slæm eða góð
 - Kyn
 - Getur þurft að svæfa
 - Gríðarlega mikilvægt að undirbúa vel
 - Hver er tilgangur heimsóknarinnar ?
 - Hvað gerist hjá læknum ?

Nálgun

- Rannsóknir
 - Samvinna ?
 - Við einstaklinginn sjálfan
 - Við fylgdarmann
 - Huga vel að aðstæðum – rósemi, öryggi, áreiti
 - Deyfikrem fyrir blóðprufur - EMLA
 - Minni sársauki, minna mál næst
 - Róandi lyf, svæfingar
 - Undirbúningur afar mikilvægur
 - Einstaklingurinn sjálfur
 - Fylgdaraðili / ættingjar
 - Rannsóknaraðili

Niðurstaða

- Niðurstaða
 - Ekki alltaf gerlegt að fá sögu, skoða, rannsaka eða meðhöndla
 - Ásættanleg óvissa ???
 -eða bara léleg þjónusta ???
- Eftirfylgni mikilvæg !

Meðferð

- Hver er tilgangur meðferðar ?
- Er meðferðin nauðsynleg, æskileg, möguleg ?
- Hver tekur ákvörðun um meðferð ?
 - Einstaklingurinn sjálfur
 - Heilbrigðisstarfsfólk
 - Ættingjar
 - Starfsfólk
- Upplýst samþykki

Auknar líkur á að fólk með þroskahömlun fái verri þjónustu en annað fólk

- Tengist að hluta fötlun þess
 - Skert mál og tjáningarhæfni
 - Alvarleg fötlun
 - Erfitt atferli
- Þekkingarleysi heilbrigðisstarfsfólks og starfsfólks í þjónustugeiranum
- Aðgengi að þjónustu
- Skilningur á stöðu og fyrirmælum
- Ásættanleg óvissa ???
- Fordómar og mismunun

Leiðir til úrbóta

- Í hinum vestræna heimi er nú lögð meiri áhersla en áður á að bæta heilbrigðisþjónustu við fatlað fólk
- Norðmenn – rannsóknir og efniviður
- Ástralar – Health passport
- Bretland, Bandaríkin, ESB
- Ísland ?

Leiðir til úrbóta

- Reglubundnar heilbrigðisskoðanir
 - Innköllun árlega
- Fræðsluefni á auðskildu máli
- Heilsuefning – heilbrigður lífsstíll
 - Hreyfing
 - Heilsusamlegt mataræði
 - Vímuleysi, reykleysi
- Bætt þekking starfsfólks heilbrigðiskerfis og félagsþjónustu

Heilsueftirlit fyrir fólk með þroskahömlun

- Flogaveiki
- Lífsstílsvandi
 - Offita, hreyfingarleysi, vímuefni
- Lungnasjd – kæfisvefn, astmi, lág vöðvaspenna
- Innkirtlasjd – skjaldkirtilssjd, sykursýki, B12, D-vít
- Heyrn – sjón
- Beinþynning – slitgigt
- Meltingarsjd – hægðatregða, bakflæði
- Verkir !
- Geðraskanir
- Ofbeldi

Árleg heilbrigðisskoðun:

- **Saga:**
- Greiningar á grunnvanda, er ástæða til að endurskoða ?
- Lyf – obs milliverkanir, aukaverkanir
- Einkenni sjúklings:
 - Sjón og heyrn (obs eyrnamergur)
 - Hjarta – og lungnasjúkdómar
 - Einkenni frá meltingarvegi
 - Verkir, stoðkerfisvandi
- Geðraskanir
- Lífsstíll, forvarnir, þyngd (BMI), mataræði, tóbak, áfengi, hreyfing
- Tannheilsa
- Ónæmisaðgerðir – almennar og árleg influensubólusetning
- **Venjuleg heilbrigðisskoðun**
- **Rannsóknir ef þarf: - muna EMLA krem !**
- Blóðstatus, sökk, CRP, fastandi blóðsykur – HBA1C, lifrarpróf, nýrnastarfsemisspróf, TSH – frítt T4, B12 og fólinsýra, ferritin – se járn, blóðfitur, D-vítamín

Mat á geðeinkennum hjá einstaklingum með þroskahömlun:

- Breytt hegðun og /eða færnitap geta verið einkenni um geðraskanir hjá þroskahömluðum einstaklingi, mikilvægt að fá upplýsingar hjá fylgdarmanni sem þekkir einstaklinginn vel.
- Hafa orðið breytingar á hegðun síðustu vikur/mánuði s.s. :
 - Breytt svefnmynstur (meiri eða minni svefn, erfiðleikar með að sofna)
 - Breytingar á matarlyst (aukin/minnkuð)
 - Pirringur – ýgi (í orðum og/eða athöfnum)
 - Veitist að fólki eða skemmir hluti
 - Sjálfskaðandi hegðun (ný hegðun eða aukning)
 - Færnitap
 - Annað
- **Hafa skal í huga að hegðunarbreytingar geta einnig tengst líkamlegum einkennum eins og tannverk, verkjum almennt eða öðrum líkamlegum kvillum hjá einstaklingi sem ekki getur tjáð sig með orðum.**